



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 30.03.2021

Á 397. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 29. mars 2021, var tekið fyrir neðangreint erindi:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur), 272. mál.

Lögð fram umsögn ungmennaráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur), 272. mál.

Bæjarráð samþykkti að umsögn ungmennaráðs verði send Alþingi sem umsögn Stykkishólmsbæjar.

Lagt er fyrir bæjarstjórn að staðfesta afgreiðslu bæjarráðs.

Bókun 397. fundar bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar
Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu bæjarráðs.

Meðfylgjandi er umsögn ungmennaráðs Stykkishólmsbæjar í samræmi við framangreinda afgreiðslu.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri.

Stykkishólmsbær

Stykkishólmur 12. mars 2021

b.t. bæjarstjórnar

Hafnargötu 3

340 Stykkishólmur

Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um kosningar tii sveitarstjóm a, ²⁷²356. Mál

Á fundi ungmennaráðs Stykkishólms þann 12. mars sl. var óska eftir sjónarmiðum Ungmennaráðs til frumvarpsins.

Fundurinn vill ítreka mikilvægi fræðslu fyrir ungmenni á stjórnmálum og telur að kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri.

Skiptar skoðanir voru um hvort lækka ætti kosningaaldur í 16 ár. Hluti fundarins taldi rétt að lækka kosningaaldur til að hafa samræmi milli kosningaaldurs og skattskyldu aldurs. Hluti fundarins taldi hinsvegar ekki rétt að lækka kosningaaldur þar sem auka þurfi áður innsýn og tilfinningu ungs fólks fyrir stjórnsýslu, kosningum og málefnum þeim tengdum. Mikilvægt að skoða aðrar aðgerðir til að auka lýðræðislega þátttöku, t.d. með fræðslu og í gegnum virkt ungmennaráð.

"Sjónarmiðum Ungmennaráðs Stykkishólms er hér með komið á framfæri."

Virðingarfyllst

Rebekka Rán
Uddtreyr Ag Apla
Olivera Lukasik
Ella
Oliver Rann Prestarson
Heðrún Edda Flúsdóttir
Björn P. Hilsson